

Áhættustjóri



Stapi lífeyrissjóður leitar að metnaðarfullum sérfræðingi í starf áhættustjóra á skrifstofu sjóðsins á Akureyri. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra sjóðsins.

Helstu verkefni:

- Umsjón með skipulagi og framkvæmd áhættu-stýringar og innra eftirlits
- Umsjón með mótun áhættustefnu og áhættu-stýringarstefnu
- Eftirlit með markaðsáhættu, fjárfestingar-ákvörðunum og áreiðanleika gagna sjóðsins
- Framkvæmd greininga og eftirlits
- Heildaryfirsýn yfir verkferla, áhættumöt, skýrslur innri endurskoðanda, innri úttektir, o.fl.
- Samskipti, skýrslugerð og miðlun upplýsinga til eftirlitsaðila og stjórnmenda

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði fjármála, verk- eða tölfræði, próf í verðbréfavíðskiptum er kostur.
- Reynsla af fjármálamarkaði, áhættustýringu eða greiningarvinnu sem nýtist í starfi
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í að greina tölulegar upplýsingar og að setja þær fram með skipulögðum hætti
- Frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

Stapi lífeyrissjóður varð til með sameiningu Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands árið 2007. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrítafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Eignir Stapa nema ríflega 200 milljörðum króna. Virkir sjóðfélagar eru um 14 þúsund og lífeyrisþegar rúmlega 9 þúsund talsins. Starfsmenn Stapa eru 17 og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og í Neskaupstað.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Steinar Jóhannsson (johann@stapi.is), framkvæmdastjóri Stapa. **Umsóknarfrestur er til og með 5. mars.** Umsækjendur skulu skila inn ítarlegri starfsferilskrá og kynningarbréfi í ráðningarkerfið Alfred (www.alfred.is eða appið Alfred).

